

**Umsögn dómnefndar  
skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla  
um umsækjendur um tvö embætti héraðsdómara við  
Héraðsdóm Reykjavíkur  
sem auglýst voru laus til umsóknar 18. október 2012**

**Reykjavík 21. janúar 2013**

## 1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti

Með bréfi dags. 22. nóvember 2012 fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd skv. 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, með síðari breytingum, að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um tvö embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur sem auglýst voru laus til umsóknar 18. október 2021 í Lögbirtingablaði. Um embættin sóttu Barbara Björnsdóttir, settur héraðsdómari, Bogi Hjálmtýsson, lögfræðingur, Hrannar Már S. Hafberg, aðstoðarmaður dómara, Ingibjörg Þorsteinsdóttir, settur héraðsdómari, Ragnheiður Snorradóttir, héraðsdómslögmaður, Sigríður Elsa Kjartansdóttir, settur héraðsdómari, Stefán Erlendsson, héraðsdómslögmaður og Þórður Cl. Þórðarson, hæstaréttarlögmaður og bæjarlögmaður Kópavogs.

Umsögn dómnefndar um umsækjendur fer hér á eftir.

## 2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 skal dómnefnd láta innanríkisráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara. Samkvæmt ákvæðinu skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega.



Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/2008 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Þáverandi dómsmála- og mannréttinda-ráðherra, nú innanríkisráðherra, setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

*Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.*

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnarsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann

hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgerði.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og í 2. mgr. hennar segir orðrätt: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Í 1. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er tekið fram að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Ákvæði þetta er áréttað í upphafi 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 sem rakið er hér að framan. Í 2. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 kemur fram ákvæði um bann við mismunun þar sem talin eru upp sjónarmið sem ekki má líta til við mat á því hvaða umsækjandi geti talist hæfastur til að gegna starfanum. Í ákvæðinu segir: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.“

Markmið laga nr. 10/2008 er m.a. að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, sbr. 1. gr. þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna skal



starf, sem laust er til umsóknar, standa opið jafnt konum sem körlum og í 1. mgr. 24. gr. þeirra er kveðið svo á um að hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil. Samkvæmt 2. tölul. 2. gr. laganna telst það óbein mismunun þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Þá ber þess að gæta að Hæstiréttur hefur talið að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla yrðu þýðingarlítill, nema meginreglur þeirra við að stemma stigu við mismunun séu skýrðar svo að konu skuli veita starf ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin, að því er varðar menntun og annað sem máli skiptir, og karl sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur, sbr. dóma réttarins H 1993, 2230, H 1996, 3760, H 1998, 3599 og H 2006, 4891. Á þetta sjónarmið reynir að álitni nefndarinnar við ákvörðun ráðherra um veitingu dómaraembættis hafi dómnefnd metið tvo eða fleiri umsækjendur jafnhæfa til að gegna því.

Loks skal þess getið að í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaðkvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

### **3. Um skipan og málsmeðferð dómnefndar**

Einn af þeim, sem skipaðir hafa verið í dómnefndina, Stefán Már Stefánsson, hefur lýst sig vanhæfan á grundvelli 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 til að taka þátt í meðferð umsókna um ofangreind dómaraembætti. Sama hefur gert varamaður hans, Sigríður Friðjónsdóttir. Af þeim sökum hefur ráðherra, eftir tilnefningu Hæstaréttar, sett Skarphéðin Þórisson, hæstaréttarlögmann og fyrrverandi ríkislögmann, með bréfi dags. 13. desember 2012 til að taka sæti í nefndinni í stað Stefáns Márs við meðferð þessa máls.



Hinn 14. desember 2012 ritaði dómnefnd umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra nefndarmanna, sem fara með mál þetta, og þeim er heldur ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra í máli þessu.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 19. desember 2012 og 8. janúar 2013.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, segir m.a. að dómnefndinni sé einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 620/2010 getur dómnefnd aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem hafa átt samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Á grundvelli þessa ákvæðis sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem meðmælendur. Umsækjendum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör umsagnaraðilanna.

Eins og áður segir fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd 22. nóvember 2012 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um tvö embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur sem auglýst voru laus til umsóknar 18. október 2012 í Lögbirtingablaði. Barst nefndinni bréfið sama dag. Hinn 13. desember 2012 var nefndin sem fyrr segir fullskipuð og gat þá fyrst byrjað að fjalla um fyrirliggjandi umsóknir Eðlilegt er því að hinn sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010, sbr. 8. gr. stjórnisýslulaga, reiknist því frá síðastnefndum degi til 24. janúar 2013. Með bréfi innanríkisráðuneytisins, dags. 7. desember 2012, var umsækjendum tilkynnt að meðferð málsins myndi dragast og fyrir lægi að ákvörðun um skipun í embættin yrði tekin í fyrsta lagi um miðjan janúar 2013.

Þess skal getið að fimm umsækjenda, Barbara Björnsdóttir, Bogi Hjálmtýsson, Hrannar Már S. Hafberg, Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Sigríður Elsa Kjartansdóttir, hafa áður verið metnir af þeirri dómnefnd, sem nú starfar skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. álit 3. október 2011 og 20. febrúar 2012. Umsækjendurnir Ragnheiður Snorradóttir og Stefán Erlendsson hafa áður verið metnir af dómnefnd skv. 12. gr.



laga nr. 15/1998, sbr. álit 7. apríl 2010. Síðan hefur ákvæðum laga um störf dómnefndar og þeim reglum, sem nefndin starfar eftir, verið breytt.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 620/2010 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 11. janúar 2013, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til miðnættis 18. janúar það ár. Svör bárust frá einum umsækjanda, Sigríði Elsu Kjartansdóttur, og gerði hún athugasemdir við fyrirliggjandi drög að umsögn nefndarinnar. Í samræmi við 8. gr. reglnanna var farið yfir athugasemdirnar og að teknu tilliti til þeirra voru gerðar breytingar á umsögninni. Einnig gerði Sigríður Elsa við þetta tækifæri athugasemd við hæfi formanns dómnefndar, Eiríks Tómassonar, til að fjalla um umsókn Ragnheiðar Snorradóttur með vísun til 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnslulaga. Hann hafi um langt árabil verið samstarfsmaður eiginmanns Ragnheiðar, Stefáns Más Stefánssonar, við lagadeild Háskóla Íslands. Á fundi nefndarinnar í dag ályktaði hún með rökstuddum hætti að formaður væri ekki vanhæfur til meðferðar málsins, m.a. á grundvelli þeirrar meginreglu í stjórnslurétti að starfsmaður verði ekki vanhæfur til meðferðar máls af þeirri ástæðu einni að samstarfsmaður hans eða maki samstarfsmanns sé málsaðili. Í samræmi við 4. mgr. 6. gr. stjórnslulaga kom formaður ekki að þeirri ályktun.

#### **4. Almennar upplýsingar um umsækjendur**

Hér á eftir verður næst veitt stutt ágríp um menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og samanburð á þeim á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem reifuð voru í kafla 2. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjenda. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna, er þeir hafa fengist við, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

*Barbara Björnsdóttir* er fædd 7. maí 1973 og er því 39 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1999 og meistaraprófi með áherslu á þjóðarrétt og alþjóðlegan refsirétt frá Háskólanum í Leiden í Hollandi 2006. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2000. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið, svo sem um Schengen á vegum Lögregluskóla ríkisins og um réttargæslustörf lögmanna á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Að



loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf hjá ríkislögreglustjóra 1999, þar sem hún starfaði u.þ.b. eitt og hálf ár sem fulltrúi saksóknara í efnahagsbrotadeild. Árin 2000–2001 starfaði hún við almenn lögmannstörf hjá Lögmonnum Hafnarfirði ehf., auk Fasteignastofunnar sem var í eigu lögmannsstofunnar. Mestan hluta starfsferils síns hefur umsækjandinn hins vegar verið aðstoðarmaður dómara, fyrst hjá Héraðsdómi Reykjavíkur 2001–2007, þá í hlutastarfi hjá Héraðsdómi Vesturlands og að lokum um tveggja ára skeið, 2008–2010, verið aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt. Frá 2003 til 2005 var hún einnig settur skrifstofustjóri hjá Héraðsdómi Reykjavíkur í tæplega 22 mánuði og 2007–2008 starfaði hún jafnframt sem sérfræðingur hjá Lagastofnun Háskóla Íslands sem aðstoðarmaður og aðstoðarritstjóri við gerð *Lögfræðiorðabókar með skýringum* sem kom út árið 2008. Hinn 1. september 2010 var hún sett héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness og síðan við Héraðsdóm Reykjavíkur nánast samfleytt frá 1. september 2011 og til 3. október 2012. Árin 2008 og 2010 sinnti umsækjandinn einnig kennslu á meistarastigi við lagadeild Háskóla Íslands á námskeiðunum *Law of Armed Conflicts* og *Veðréttur og ábyrgðir*. Að auki hefur hún haft umsjón með BA ritgerð við Háskóla Íslands, verið prófdómari við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri vegna ritgerðar til BA prófs og við lagadeild Háskóla Íslands, þar sem hún hefur metið prófurlausnir og meistara-ritgerðir á sviði þjóðarréttar og mannréttinda. Umsækjandinn annaðist um tíma yfirlestur lögfræðilegra greina fyrir Tímarit lögfræðinga og átti þátt í samningu námsefnis um auðgunarbrot fyrir nemendur Lögregluskóla ríkisins. Þá hefur hún verið starfsmaður nefndar til að annast rannsóknir á refsingum við afbrotum 1999–2000 og átt sæti í nefnd um heimasíðu héraðsdómstóla 2002. Hún tók sæti sem varamaður í forföllum aðalmanns í nefnd um endurskoðun laga um leikskóla árið 2006. Árin 1999–2000 sat hún í úrskurðarnefnd um áfengismál. Umsækjandinn hefur jafnframt gegnt trúnaðarstörfum fyrir *Heimili og skóla* – landssamtök foreldra og starfað hjá Kvennaráðgjöfinni við lögfræðiráðgjöf.

**Bogi Hjálmtýsson** er fæddur 17. febrúar 1963 og er því 49 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1990 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1996. Hann lauk meistaranámi í opinberri stjórnsýslu við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands 2010 og diplómanámi í opinberri stjórnsýslu



við sama skóla 2008. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn 1990–1992 sem fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kjósarsýslu. Frá árinu 1992 hefur hann verið fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði og sinnt þar öllum lögfræðilegum málaflokkum um lengri eða skemmri tíma, þ. á m. annast alla lögfræðilega innheimtu hjá embættinu. Frá 1992 hefur hann verið staðgengill sýslumanns. Hefur hann tvívegis verið settur sýslumaður í Keflavík og á Hvolsvelli í einstökum málum. Umsækjandinn hefur haldið fyrirlestur um innheimtumál í tengslum við kennslu hjá Lögmannafélagi Íslands. Þá kom hann að samningu þess frumvarps er varð að lögum nr. 43/2003 um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn. Einnig hefur hann starfað í vinnuhópum á vegum fjármála- og dómsmálaráðuneyta er fjölluðu um nauðungarsölu og afskriftir á gjöldum ríkissjóðs. Þá situr hann í áfrýjunarnefnd Körfuknattleikssambands Íslands og hefur sem slíkur kveðið upp dóma í málefnum þess.

*Hrannar Már S. Hafberg* er fæddur 15. desember 1974 og er því 38 ára. Að loknu stúdentsprófi hóf hann nám í heimspeki við Háskóla Íslands og lauk BA gráðu í þeirri grein 1998, eftir að hafa gert árshlé til stunda nám í hugfræðum í Svíþjóð, 1995–1996. Hann lauk BA prófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands 2006 og meistaraprófi frá sömu deild 2008. Hann hefur jafnframt stundað meistaranám í réttarheimspeki við Háskóla Íslands og Háskólann í Genúa, með hléum, frá 1998. Að auki hefur hann lokið prófi í margmiðlun frá Margmiðlunarskóla Prenttækni- stofnunar. Þá hefur hann sótt ýmsar ráðstefnur og námskeið um lögfræðileg efni, innanlands sem erlendis. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2010. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn í nokkra mánuði sem fulltrúi hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, einkum við rannsókn og saksókn í ofbeldismálum. Árin 2008–2009 starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og 2009–2012 við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hann var settur héraðsdómari við þann dómstól frá 5. september 2011 til 29. febrúar 2012 og aftur um tveggja vikna skeið í mars 2012. Hann fékk leyfi frá störfum í hálf ár á því ári til að gegna störfum lögfræðings hjá rannsóknarnefnd Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparísjóðanna. Frá því í lok september 2012 hefur hann verið formaður nefndarinnar. Frá árinu 2009 hefur umsækjandinn



verið aðjúkt og stundakennari við lagadeild Háskólans á Akureyri, þar sem hann hefur m.a. sinnt stundakennslu í inngangi að lögfræði, almennri lögfræði og réttarheimildafræði, lögskýringum og réttarheimspeki, svo og réttarfari og málflutningi. Hann hefur leiðbeint nemendum með lokaritgerðir í BA námi og meistaranámi í lögfræði við Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík. Þá hefur hann sinnt stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands í réttarheimspeki frá 2009. Einnig hefur hann frá sama tíma kennt sakamálaréttarfar og almenna lögfræði hjá Vísdómi, starfsmennt fyrir starfsmenn dómstóla. Að auki hefur hann flutt fyrirlestra, tengda ýmsum lögfræðilegum álitamálum. Umsækjandinn hefur setið í stjórn Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara frá 2008, fyrst sem varaformaður, en frá því 2011 sem formaður félagsins. Ennfremur hefur hann setið í ritrýninefnd *Lögfræðings* - tímarits laganema við Háskólann á Akureyri frá 2009. Þá átti hann sæti í stjórn Félags áhugamanna um heimspeki 2006-2009, í stjórn Heimspekistofnunar Háskóla Íslands 1997-1999 og í samstarfsnefnd um mótun náms í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum 2000-2001. Umsækjandinn er höfundur nokkurra ritsmiða og hefur unnið að ýmsum þýðingum, án þess að séð verði af umsókn hans að þær varði lögfræðileg efni.

*Ingibjörg Þorsteinsdóttir* er fædd 29. apríl 1964 og er því 48 ára. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1992. Árið 1995 lauk hún diplómaprófi í viðskipta- og rekstrarfræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og meistaraþrófi í starfsmannastjórnun frá Strathclyde háskóla í Glasgow í Skotlandi 2001. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1995. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf sem deildarstjóri á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og starfaði þar til 1999, þar af tvö ár sem staðgengill skrifstofustjóra. Á árunum 1995-1997 var hún fulltrúi fjármálaráðuneytisins í sendinefnd Íslands hjá Evrópusambandinu með aðsetri í Brussel. Árin 2000-2001 starfaði hún sem starfsmannastjóri hjá Frjálsa fjárfestingabankanum. Umsækjandinn var deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst 2001-2005 og svo aftur í átta mánuði 2011. Sat hún samhliða í háskólaráði og framkvæmdastjórn skólans á þessum tíma og gæðaráði hans 2003-2005. Jafnframt hefur hún verið lektor við skólann frá árinu 2002 og dósent þar frá 2008, en frá því í ársbyrjun 2012 hefur



hún verið í leyfi frá því starfi. Helstu kennslugreinar hennar hafa verið almenn lögfræði, lagahugsun og réttarheimspeki, skattaréttur, einkum alþjóðlegur skattaréttur og stjórnslá skattamála. Ennfremur hefur hún verið stundakennari við Háskólann á Akureyri. Hinn 9. mars 2012 var hún sett héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsækjandinn hefur sinnt fræðistörfum og liggur eftir hana töluvert af birtum ritsmíðum um lögfræðileg efni. Meðal þeirra er kennslubók, *Lögfræði, réttarheimildir og aðferðir lögfræðinnar* (2010). Þá hefur hún ritað sjö fræðigreinar og eru tvær þeirra ritrýndar. Flestar greinanna eru á sviði skattaréttar. Einnig hefur hún unnið að tveimur víðtækum rannsóknaverkefnum fyrir erlenda aðila og flutt fjölmarga fyrirlestra um lögfræðileg efni. Umsækjandinn var formaður kærunefndar greiðsluaðlögunarmála á árunum 2010–2012. Hún var varaformaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins og sat í prófnefnd verðbréfavíðskipta 2011–2012. Þá hefur hún setið í stjórn Stofnunar Sigurðar Líndal í réttarsögu frá 2011. Ennfremur átti hún sæti í landskjörstjórn 2003–2006 og í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður 1999–2003. Á árunum 1990–1994 var hún framkvæmdastjóri *Kvennaráðgjafarinnar* í hlutastarfi. Hún sat í fjölmörgum nefndum, m.a. nefnd um gerð tvísköttunar-samninga 1997–1999, og kom að samningu fjölda lagafrumvarpa og reglugerða meðan hún gegndi störfum í fjármálaráðuneytinu.

*Ragnheiður Snorradóttir* er fædd 21. júlí 1965 og er því 47 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993 og meistaraþrófi í skattarétti frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn (Copenhagen Business School) 2007. Haustið 2012 lagði hún stund á nám í almennu einkamálaréttarfari, félagarétti og alþjóðalögum við Árósháskóla. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og hjá Lögmannafélagi Íslands. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf hjá skattstjóranum í Reykjavík og starfaði þar til 1994. Á árunum 1994–2007 starfaði hún í fjármálaráðuneytinu, nánar tiltekið á tekju- og lagaskrifstofu þess, þar af var hún staðgengill skrifstofustjóra 1998–2007 og settur skrifstofustjóri um fjögurra mánaða skeið 2007. Árin 2007–2010 starfaði hún í yfirskattanefnd í fullu starfi. Hún hóf störf hjá LEX lögmannsstofu 2010 og hefur starfað þar við margs konar ráðgjöf og meðferð mála gagnvart skattayfirvöldum auk



málflutnings. Samhliða fyrrgreindum stjórnarsýslustörfum gegndi hún formennsku í fjölmörgum nefndum og átti sæti í enn fleiri nefndum, sem m.a. komu að samningu lagafrumvarpa og reglugerða, einkum á sviði skattaréttar. Á árunum 2005–2010 var umsækjandinn stundakennari við Háskólann á Bifröst og frá 2009 hefur hún sinnt stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands. Kennslugrein hennar hefur verið skattaréttur, þ. á m. alþjóðlegur skattaréttur. Umsækjandinn hefur sinnt fræðistörfum og hafa birst eftir hana nokkrar ritsmíðar um lögfræðileg efni. Meðal þeirra er ritið *Tvísköttunarsamningar og evrópskar skattareglur* (2011), sem hún hefur samið ásamt Stefáni Má Stefánssyni, og er það ritrýnt. Ennfremur hefur hún samið þrjár fræðigreinar á sviði skattaréttar og er ein þeirra ritrýnd. Þá hlaut hún árið 2012 rannsóknastyrk frá Norræna skattrannsóknaráðinu til að skrifa um og gera úttekt á alþjóðlegum samningum um upplýsingasamskipti. Umsækjandinn var formaður prófnefndar um viðurkennda bókara 1998–2002. Hún sat í stjórn Gjaldheimtu Vestamannaeyja árin 1996–2004 og í Norræna skattrannsóknarráðinu 1999–2007. Frá 2011 hefur hún verið formaður úrskurðarnefndar um raforkumál. Þess má loks geta að 2008 samdi hún ásamt öðrum nefndarmanni í yfirskattanefnd frumvarp til laga um gjaldtöku í ferðaþjónustunni.

*Sigríður Elsa Kjartansdóttir* er fædd 24. júlí 1966 og er því 46 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993. Síðan hefur hún sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni, þ. á m. námskeið í stjórnarsýslurétti 2005 á vegum Félags forstöðumanna ríkisstofnana og Háskóla Íslands og ári síðar námskeið erlendis á vegum alþjóðasamtaka ákæranda (IAP). Þá stundar hún nú diplómanám á meistarastigi í alþjóðasamskiptum við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands og hefur þar lokið 12 einingum af 30. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1997. Að loknu embættisprófi var umsækjandinn fulltrúi sýslumannsins á Akureyri 1994–1999 og síðan fulltrúi sýslumannsins í Kópavogi 1999–2003. Hún starfaði sem lögmaður á lögmannsstofunni Lögborg ehf. 2003–2004 og fékkst þar við fjölbreytt lögmannsstörf. Árin 2004–2006 var hún fulltrúi ríkissaksóknara og var skipuð saksóknari við embættið 2006. Frá 14. október 2010 til 24. nóvember 2011 var hún settur vararíkissaksóknari. Á árinu 2010 gegndi hún um skamman tíma starfi saksóknara við efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Í fyrrgreindum störfum sínum



hefur hún flutt mikinn fjölda mála fyrir dómstólum, m.a. um 80 mál fyrir Hæstarétti. Frá 25. nóvember 2011 hefur hún verið settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsækjandinn annaðist stundakennslu í refsirétti við lagadeild Háskólans á Akureyri 2008. Hún hefur verið leiðbeinandi vegna tveggja meistaraþrófsritgerða við sama skóla og kennt á námskeiði til starfsréttinda fyrir dyraverði á veitinga- og skemmtistöðum. Hún hefur haldið ýmsa fyrirlestra í tengslum við störf sín.

*Stefán Erlendsson* er fæddur 29. júlí 1965 og er því 47 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1992. Hann stundaði meistaranám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla árið 2008 og lauk þaðan prófum í alþjóðlegum og evrópskum umhverfisirétti og samningatækni og úrlausn ágreiningsmála. Ennfremur hefur hann sótt ýmis námskeið, þ. á m. hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Lögmannafélagi Íslands. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf hjá Vegagerðinni og frá árinu 1996 hefur hann starfað sem lögmaður hennar. Hefur hann m.a. annast málflutning fyrir stofnunina, auk þess að sinna lögfræðilegri ráðgjöf. Árin 1997-2004 var hann forstöðumaður lögfræði- og starfsmannadeildar Vegagerðarinnar og frá 2004 hefur hann verið forstöðumaður lögfræðideildar hennar. Að auki hefur umsækjandinn setið í nefndum, t.d. nefnd um samningu frumvarps til girðingalaga, og verið ritari nefndar sem samdi frumvarp til vegalaga. Þá hefur hann setið ýmsar ráðstefnur og annast erlend samskipti í tengslum við störf sín.

*Þórður Cl. Þórðarson* er fæddur 29. ágúst 1950 og er því 62 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1977. Hann hefur sótt ýmis námskeið, svo sem á sviði stjórnunar og lögfræði, m. a. í Evrópurétti, samkeppnisrétti, stjórnsýslurétti og vinnurétti, við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Frá því haustið 2012 hefur hann verið í námsleyfi og stundað meistaranám í lögfræði við Háskólann í Reykjavík. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1981 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti 1994. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og fékkst þar aðallega við rannsókn meiri háttar fjármunabrota. Árin 1978-

1982 starfaði hann sem fulltrúi við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum. Á árabílinu 1982–1986 var hann bæjarstjóri á Sauðárkróki og 1986 lögmaður Byggðastofnunar um skeið. Hann var deildarlögfræðingur lögreglunnar í Reykjavík 1986–1987. Frá árinu 1987 hefur hann verið bæjarlögmaður Kópavogs. Á þeim tíma sem umsækjandinn starfaði sem bæjarstjóri á Sauðárkróki, sat hann jafnframt í stjórn Útgerðafélags Skagfirðinga, gegndi formennsku í skólanefnd Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, auk annarra nefndarstarfa fyrir sveitarfélagið. Samhliða störfum sem bæjarlögmaður Kópavogs hefur hann sinnt lögmannsstörfum fyrir aðra aðila.

## 5. Mat á umsækjendum

### 5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Allir umsækjendur hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði, ýmist embættisprófi eða meistaraprófi, frá íslenskum háskóla.

*Barbara* hefur til viðbótar embættisprófi lokið meistaraprófi í lögum frá Háskólanum í Leiden, auk þess sem hún hefur sótt ýmis námskeið hér innan lands.

*Bogi* hefur að loknu embættisprófi lokið meistaraprófi í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands.

*Hrannar Már* hafði að baki BA próf í heimspeki, áður en hann lauk meistaraprófi, og hefur stundað meistaranám í réttarheimspeki við Háskólann í Genúa um árabíl, en ekki lokið því námi.

*Ingibjörg* hefur til viðbótar embættisprófi lokið meistaraprófi í starfsmanna-stjórnun frá Strathclyde háskóla í Glasgow, auk þess sem hún hefur lokið diplóma-prófi í viðskipta- og rekstrarfræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

*Ragnheiður* hefur, auk embættisprófs, lokið meistaraprófi í skattarétti frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn. Þá hefur hún lagt stund á nám í almennu einkamálaréttarfari, félagarétti og alþjóðalögum við Árósháskóla. Ennfremur hefur hún sótt ýmis námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og hjá Lögmannafélagi Íslands.

*Sigríður Elsa* hefur, auk embættisprófs, stundað diplómanám á meistarastigi í alþjóðasamskiptum við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands og lokið hluta námsins.



Þá hefur hún lokið öðru námskeiði á sviði lögfræði á vegum Háskólans. Einnig hefur hún sótt ýmis námskeið, þ. á m. námskeið erlendis á vegum alþjóðasamtaka ákærenda.

*Stefán* hefur til viðbótar embættisprófi lagt stund á meistaranám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla og lokið þaðan prófum í alþjóðlegum og evrópskum umhverfisrétti og samningatækni og úrlausn ágreiningsmála.

*Þórður* hefur, auk embættisprófs, stundað meistaranám í lögum við Háskólann í Reykjavík. Auk þess hefur hann sótt ýmis námskeið, svo sem á sviði stjórnunar og lögfræði, m. a. í Evrópurétti, samkeppnisrétti, stjórnslurétti og vinnurétti, við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, hafa *Barbara* og *Ragnheiður* lokið meistaraþrófi í lögum frá erlendum háskólum og *Ragnheiður* því til viðbótar lagt stund á skipulegt nám í lögfræði við slíkan skóla. *Bogi* hefur lokið meistaraþrófi á skyldu sviði frá Háskóla Íslands og *Ingibjörg* meistaraþrófi í starfsmannastjórnun frá erlendum háskóla. Þá hefur *Stefán* stundað meistaranám í lögfræði við erlendan háskóla og lokið þaðan prófum í þremur greinum og *Hrannar Már* lagt stund á formlegt framhaldsnám í lögfræði erlendis, án prófgráðu. Loks hefur *Sigríður Elsa* lokið hluta diplómanáms á meistarastigi á sviði, skyldu lögfræði, og *Þórður* lagt stund á skipulegt meistaranám í lögfræði við Háskólann í Reykjavík.

## 5.2. *Reynsla af dómstörfum*

*Barbara* var aðstoðarmaður héraðsdómara 2001–2007 með hléum og síðan aðstoðarmaður hæstaréttardómara 2008–2010. Frá 1. september 2010 til 3. október 2012 var hún settur héraðsdómari.

*Bogi* var fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kjósarsýslu 1990–1992, þar sem hann vann m.a. að dómstörfum.

*Hrannar Már* var aðstoðarmaður héraðsdómara 2008–2011. Frá 5. september 2011 til 29. febrúar 2012 og aftur um tveggja vikna skeið í mars 2012 hefur hann verið settur héraðsdómari.

*Ingibjörg* hefur verið settur héraðsdómari frá 9. mars 2012.

*Sigríður Elsa* hefur verið settur héraðsdómari frá 25. nóvember 2011.

*Þórður* var fulltrúi við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum 1978–1982, þar sem hann fékkst við að dæma í meiri háttar fíkniefnabrotamálum.

*Ragnheiður* og *Stefán* hafa hvorugt fengist við dómstörf.

Samkvæmt framansögðu hafa fjórir umsækjendur starfað sem sjálfstæðir héraðsdómarar. Af þeim hefur *Barbara* gegnt því starfi í rúm tvö ár. Ef tekið er tillit til þess að hún starfaði sem aðstoðarmaður dómara í um átta ár, þar af eitt ár í hlutastarfi, hefur hún mesta reynslu umsækjenda af dómstörfum. *Sigríður Elsa* hefur verið sjálfstætt starfandi dómari í rúmt eitt ár, *Ingibjörg* nærfehlit í eitt ár og *Hrannar Mír* liðlega hálf ár, en hann hafði áður verið aðstoðarmaður dómara um þriggja ára skeið. *Þórður* fékkst við dómstörf sem fulltrúi við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum í fjögur ár. Þá kom *Bogi* að dómsmálum sem fulltrúi bæjarfógeta um tveggja ára skeið. Þegar lagt er mat á þessa reynslu þeirra tveggja síðastnefndu af dómstörfum verður að gæta þess að hvorugur þeirra var á sínum tíma sjálfstætt starfandi dómari, auk þess sem langt er um liðið síðan þeir fengust við að leysa úr dómsmálum.

### 5.3. Reynsla af lögmannsstörfum

Þótt allir umsækjendur hafi aflað sér réttinda til að starfa sem héraðsdómslögmennt hafa fimm þeirra starfað sem lögmenn.

*Barbara* starfaði hjá Lögmönnum Hafnarfirði 2000–2001, þar sem hún sinnti m.a. flutningi mála fyrir héraðsdómi.

*Ragnheiður* hefur starfað sem lögmaður á LEX lögmennastofu frá 2010 við margs konar ráðgjöf og meðferð mála gagnvart skattayfirvöldum auk málflytninga fyrir héraðsdómi.

*Sigríður Elsa* starfaði hjá lögmennastofunni Lögborg 2003–2004, þar sem hún sinnti m.a. flutningi mála fyrir héraðsdómi.

*Stefán* hefur verið lögmaður Vegagerðarinnar frá 1996 og flutt fjölda mála stofnunarinnar fyrir héraðsdómi, matsnefnd eignarnámsbóta og öðrum stjórnvöldum. Einnig hefur hann sinnt lögfræðilegri ráðgjöf, samningsgerð og öðrum lögmennastörfum fyrir Vegagerðina.



*Þórður* hefur, einn umsækjenda, öðlast réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti. Hann hefur verið bæjarlögmaður Kópavogs frá 1987 og flutt fjölda mála af hálfu bæjarins fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, auk þess sem hann hefur flutt mál fyrir matsnefnd eignarnámsbóta og öðrum stjórnvöldum. Einnig hefur hann annast málflutning fyrir aðra aðila, þ. á m. verið verjandi í mörgum sakamálum. Sem bæjarlögmaður hefur hann verið lögfræðilegur ráðgjafi Kópavogsbæjar, annast lögheimtu fyrir bæinn og sinnt öðrum lögmannsstörfum í hans þágu.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, á *Þórður* að baki lögmannsferil, sem spannar 25 ár, og hefur hann flutt mál jöfnum höndum fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Hann hefur því ótvírætt mesta reynslu umsækjenda af lögmannsstörfum. Næstur honum, að því er lögmannsreynslu varðar, kemur *Stefán* er hefur starfað sem lögmaður í liðlega 16 ár. *Ragnheiður* hefur að baki tveggja ára reynslu sem lögmaður. *Sigríður Elsa* fékkst við lögmannsstörf í u.þ.b. eitt og hálf ár. Að auki hefur hún langa reynslu af meðferð og flutningi sakamála sem fulltrúi og saksóknari hjá ríkissaksóknara, alls um sjö ára skeið, þar sem hún flutti m.a. um 80 mál fyrir Hæstarétti. *Barbara* fékkst við lögmannsstörf í eitt ár, en hafði áður komið að meðferð og flutningi sakamála meðan hún starfaði um eins árs skeið sem fulltrúi saksóknara í efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Þótt aðrir umsækjendur hafi ekki starfað sem lögmennt hafa sumir þeirra reynslu af meðferð og flutningi sakamála sem ákærendur. *Bogi* sinnti þeim málum um árabíl sem fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði og *Hrannar Már* um rúmlega hálf árs skeið sem fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

#### 5.4. Reynsla af stjórnslustörfum

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

*Barbara* var 1999–2000 fulltrúi saksóknara í efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Frá 2003 til 2005 var hún settur skrifstofustjóri hjá Héraðsdómi Reykjavíkur í tæplega 22 mánuði. Þá var hún starfsmaður nefndar til að annast rannsóknir á refsingum við afbrotum 1999–2000 og sat í nefnd um heimasíðu héraðsdómstóla 2002. Hún tók sæti sem varamaður í forföllum aðalmannt í nefnd um endurskoðun



laga um leikskóla 2006. Árin 1999–2000 sat hún í úrskurðarnefnd um áfengismál og samdi m.a. drög að úrskurðum nefndarinnar.

*Bogi* var fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kjósarsýslu 1990–1992. Frá 1992 hefur hann verið fulltrúi og jafnframt staðgengill sýslumannsins í Hafnarfirði. Hann hefur sinnt þar öllum lögfræðilegum málaflokkum um lengri eða skemmri tíma, þ. á m. annast alla lögfræðilega innheimtu hjá embættinu. Einnig hefur hann tvívegis verið settur sýslumaður í Keflavík og á Hvolsvelli í einstökum málum. Þá hefur hann starfað í vinnuhópum á vegum fjármála- og dómsmálaráðuneyta er fjölluðu um nauðungarsölu og afskriftir á gjöldum ríkissjóðs.

*Hrannar Már* starfaði sem fulltrúi hjá lögreglustjóranum í Reykjavík 2008 í rúmlega hálfu ári og fólst starf hans að nokkru leyti í meðferð stjórnarsýslumála. Hann gegndi störfum lögfræðings hjá rannsóknarnefnd Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparissjóðanna í sex mánuði 2012 og hefur frá 26. september sl. verið formaður nefndarinnar.

*Ingibjörg* starfaði 1992–1999 sem deildarstjóri á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, þar af tvö ár sem staðgengill skrifstofustjóra. Starfið fólst m.a. í undirbúningi lagafrumvarpa, samningu reglugerða, álitgerða og ákvarðana af hálfu ráðuneytisins. Á árunum 1995–1997 var hún fulltrúi fjármálaráðuneytisins í sendinefnd Íslands hjá Evrópusambandinu með aðsetri í Brussel. Hún var formaður kærunefndar greiðsluáðlögunarmála 2010–2012, þar sem hún samdi drög að niðurstöðu fjölmargra úrskurða á því sviði. Hún var varaformaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins og sat í prófnefnd verðbréfavíðskipta 2011–2012. Þá átti hún sæti í landskjörstjórn 2003–2006 og í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar norður 1999–2003. Á sínum tíma sat hún í fjölmörgum nefndum vegna starfa sinna í fjármálaráðuneytinu, m.a. nefnd um gerð tvísköttunarsamninga 1997–1999.

*Ragnheiður* starfaði í nærfellt tvö ár hjá skattstjóranum í Reykjavík 1993–1994, fyrst á virðisaukaskattskrifstofu og síðar á nýstofnaðri eftirlitsskrifstofu. Á árunum 1994–2007 starfaði hún á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, þar af var hún staðgengill skrifstofustjóra 1998–2007 og settur skrifstofustjóri um fjögurra mánaða skeið 2007. Á þessu tímabili veitti hún forstöðu lögfræðilegum úrlausnarnefnum á skrifstofunni. Helstu verkefni hennar í ráðuneytinu voru samning laga-



frumvarpa og reglugerða á sviði tekju- og eignarskatta auk annarra skatta og gjalda. Ennfremur hafði hún umsjón með málum, er vörðuðu innheimtu opinberra gjalda, og meðferð þjóðlendumála. Hún var nefndarmaður í yfirséttanefnd í fullu starfi 2007–2010 og kvað ásamt öðrum nefndarmönnum upp fjölda úrskurða á því tímabili, en nefndin er æðsti úrskurðaraðili innan stjórnarsýslunnar á sviði skattamála. Hún var formaður prófnefndar um viðurkennda bókara 1998–2012. Frá 2011 hefur hún verið formaður úrskurðarnefndar um raforkumál og hefur nefndin kveðið upp tvo úrskurði á þeim tíma.

*Sigríður Elsa* var fulltrúi sýslumannsins á Akureyri 1994–1999 og síðan fulltrúi sýslumannsins í Kópavogi 1999–2003. Árin 2004–2006 var hún fulltrúi ríkissaksóknara og var skipuð saksóknari við embættið 2006. Frá 14. október 2010 til 24. nóvember 2011 var hún settur vararíkissaksóknari. Á árinu 2010 gegndi hún um skamman tíma starfi saksóknara við efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.

*Stefán* hefur starfað sem lögmaður Vegagerðarinnar frá 1996. Árin 1997–2004 var hann forstöðumaður lögfræði- og starfsmannadeildar stofnunarinnar og frá 2004 hefur hann verið forstöðumaður lögfræðideildar hennar. Auk þeirra lögmannsstarfa, sem gerð er grein fyrir í kafla 1.3, hefur hann í störfum sínum sinnt margvíslegum verkefnum á sviði stjórnarsýslu.

*Þórður* starfaði hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 1977–1978 og fékkst þar aðallega við rannsókn meiri háttar fjármunabrota. Hann starfaði sem fulltrúi við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum og kom þar m.a. að rannsókn þeirra. Á árabílinu 1982–1986 var hann bæjarstjóri á Sauðárkróki og á þeim tíma gegndi hann formennsku í skólanefnd Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, auk annarra nefndarstarfa fyrir sveitarfélagið. Hann var lögmaður Byggðastofnunar um skeið 1986. Hann var deildarlögfræðingur lögreglunnar í Reykjavík 1986–1987 og hafði þar með höndum yfirstjórn rannsóknar- og fíkniefnadeildar. Frá 1987 hefur hann verið bæjarlögmaður Kópavogs, þar sem hann hefur sinnt fjölbreyttum stjórnarsýsluverkefnum auk þeirra lögmannsstarfa sem greind eru í kafla 5.3.

Eins og fram kemur í upptalningunni hér að framan hafa allir umsækjendurnir einhverja stjórnarsýslureynslu að baki, þótt í misríkum mæli sé. Ef lítið er til þess hve lengi þeir hafa starfað í stjórnarsýslunni og jafnframt til eðlis starfanna verður að telja



að *Ragnheiður* standi þeirra fremst. Skiptir þar einkum máli að hún starfaði í 13 ár á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, lengstum sem staðgengill skrifstofustjóra, og sat síðan í þrjú ár í yfirskattanefnd. Í þeim störfum fékkst hún m. a. við að leysa úr fjölbreyttum lögfræðilegum ágreiningsmálum, þ. á m. tók hún þátt í að kveða upp fjölda úrskurða yfirskattanefndar. Ennfremur hefur hún verið formaður úrskurðarnefndar um raforkumál í tvö ár þar sem hún hefur komið að uppkvæðningu stjórnarsýsluúrskurða. *Ingibjörg* hefur að ýmsu leyti sams konar reynslu af stjórnarsýslustörfum og *Ragnheiður*, enda þótt hún hafi unnið í mun skemmri tíma við þau í fullu starfi. Þannig starfaði hún fimm ár sem deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, þar af tvö ár sem staðgengill skrifstofustjóra, auk þess sem hún var í tvö ár fulltrúi ráðuneytisins í sendinefnd Íslands hjá Evrópusambandinu. Þá var hún formaður kærunefndar greiðsluaðlögunarmála um tveggja ára skeið, þar sem hún samdi drög að niðurstöðu úrskurða nefndarinnar. *Bogi* á að baki tveggja áratuga reynslu sem fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði. Í því starfi hefur hann þurft að takast á við margþætt stjórnarsýslustörf, þar sem reynt hefur á víðtæka lögfræðikunnáttu. *Þórður* hefur fengist við fjölþætt stjórnarsýslustörf, m.a. sem bæjarstjóri um fjögurra ára skeið og síðan bæjarlögmaður í 25 ár. *Stefán* hefur einnig aflað sér fjölbreyttrar stjórnarsýslureynslu í starfi sínu sem lögmaður Vegagerðarinnar í rúm 16 ár. Þá hefur *Sigríður Elsa* öðlast verulega reynslu af stjórnarsýslu í störfum sínum sem ákærandi. Þau þrjú síðastnefndu eiga það sammerkt að hafa starfað í stjórnarsýslunni samhliða því að hafa flutt mál fyrir dómstólum og í tilvikum Þórðar og Stefáns sinnt öðrum lögmannsstörfum, svo sem gerð er grein fyrir í kafla 5.3. Við mat á stjórnarsýslureynslu þeirra verður að líta til þessa. Miðað við þau stjórnarsýslustörf, sem *Barbara* og *Hrannar Már* hafa haft með höndum, er reynsla þeirra af þeim störfum takmörkuð í samanburði við stjórnarsýslureynslu hinna sex.

## 5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.

### 5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf

*Barbara* starfaði 2007–2008 sem sérfræðingur hjá Lagastofnun Háskóla Íslands og vann að *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Árin 2008 og 2010 sinnti hún kennslu á



meistarastigi við lagadeild Háskóla Íslands á tveimur námskeiðum. Að auki hefur hún haft umsjón með ritgerð og verið skipuð prófdómari við háskóla.

*Hrannar Már* hefur verið stundakennari við lagadeild Háskólans á Akureyri og aðjúkt við skólann frá 2009. Hefur hann fengist við kennslu í ýmsum námsgreinum við þá deild og lagadeild Háskóla Íslands, auk þess að hafa umsjón með ritgerðum við Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík. Einnig hefur hann kennt, m.a. sakamálaréttarfar, í skipulögðu starfsmenntanámi fyrir starfsmenn dómstóla.

*Ingibjörg* var deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst 2001–2005 og svo aftur átta mánuði 2011, auk þess sem hún sat samtímis í háskólaráði og framkvæmdastjórn skólans. Jafnframt hefur hún verið lektor við skólann 2002–2008 og dósent þar 2008–2012. Helstu kennslugreinar hennar hafa verið almenn lögfræði, lagahugsun og réttarheimspeki, skattaréttur, einkum alþjóðlegur skattaréttur og stjórnsýsla skattamála. Þá hefur hún verið stundakennari við Háskólann á Akureyri. Loks hefur hún unnið að tveimur víðtækum rannsóknaverkefnum fyrir erlenda aðila.

*Ragnheiður* var stundakennari við Háskólann á Bifröst 2005–2010 og frá 2009 hefur hún verið stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands. Kennslugrein hennar hefur verið skattaréttur, þ. á m. alþjóðlegur skattaréttur. Þá hlaut hún árið 2012 rannsóknastyrk frá Norræna skattrannsóknaráðinu til að skrifa um og gera úttekt á alþjóðlegum samningum um upplýsingasamskipti, m.a. á grundvelli tvísköttunarsamninga.

*Sigríður Elsa* annaðist stundakennslu við lagadeild Háskólans á Akureyri 2008 og hefur verið leiðbeinandi vegna ritgerða við sama skóla.

*Bogi, Stefán* og *Þórður* hafa ekki fengist við kennslu í lögfræði á háskólastigi.

Af framansögðu er ljóst að *Ingibjörg* hefur sérstöðu meðal annarra umsækjenda að því er varðar kennslu á háskólastigi og önnur akademísk störf.

#### 5.5.2. *Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.*

*Barbara* hefur lagt fram með umsókn sinni meistararitgerð sem hún ritaði við Háskólann í Leiden á árinu 2006 og ber heitið „The Use of Evidence Obtained by Torture under International Law“. Ritgerðin sem er bæði lýsandi og skýr sýnir að höfundur hefur afar gott vald á ensku, auk þess sem heimildavinna er mjög góð.



Ritgerðin ber þess hins vegar merki að vera lögð fram sem námsritgerð og er sjálfstætt lögfræðilegt gildi hennar því takmarkað. Þá var Barbara aðstoðarritstjóri *Lögfræðiorðabókar með skýringum*, sem kom út árið 2008, sbr. kafla 5.5.1. Einnig annaðist hún um tíma yfirllestur lögfræðilegra greina fyrir *Tímarit lögfræðinga*.

*Hrannar Már* hefur fengist við ritsmíðar og þýðingar á ritum á sviði heimspeki. Þá á hann sæti í ritrýningefnd *Lögfræðings* – tímarits laganema við Háskólann á Akureyri.

*Ingibjörg* hefur lagt fram ritið *Lögfræði, réttarheimildir og aðferðir lögfræðinnar* (2010). Hefur það að geyma knappa, en skýra umfjöllun um aðferðafræði lögfræði og réttarheimildir hennar. Höfundur getur þess að ritið sé m.a. ætlað þeim, sem ekki hafa bakgrunn í lögfræði, og í því ljósi er efnið sett fram á einfaldan hátt, þó með tilvísun til grundvallardóma sem fallið hafa á hverju sviði um sig. Hér er um ræða þarfa samantekt sem hefur eðli máls samkvæmt takmarkað fræðilegt gildi. Ennfremur hefur Ingibjörg lagt fram tvær fræðigreinar, „Evrópskur skattaréttur; átök og árangur á sviði skattaréttar Evrópusambandsins“, birt í *Tímariti um félagsvísindi* 2010, og „Áhrif meginreglna EES-réttar um bann við mismunun og takmörkun á fjórfrelsinu á sviði skattaréttar“, sem birtist í *Grábrók*, riti lagadeildar Háskólans á Bifröst 2009. Greinarnar eru báðar ritrýndar. Í þeirri fyrri er gerð grein fyrir reglum Evrópusambandsins um skattlagningu fyrirtækja og teknar til skoðunar tillögur um breytingar á þeim, auk þess sem lýst er tengslum þessara reglna við EES-samninginn. Í síðari greininni er fjallað um reglu EES-samningsins um bann við mismunun og takmörkun og hvernig hún hefur áhrif á skattarétt einstakra ríkja innan samningssvæðisins. Greinarnar eru báðar greinargóðar og viðfangsefnin sett fram með skipulögðum hætti. Teljast þær hafa ótvírætt fræðilegt gildi á sviði skattaréttar og Evrópuréttar. Auk þessa hefur hún ritað fimm aðrar fræðigreinar, „Skattaréttur og EES-samningurinn; eru reglur um skattlagningu arðgreiðslna milli félaga og reglur um samsköttun móður- og dótturfélaga andstæðar reglum EES-samningsins?“, birt í *Tímariti um félagsvísindi* 2007, „Laganám á Íslandi; Háskólinn á Bifröst“, birt í riti lagadeildar Háskólans á Bifröst 2006, „Um tvísköttunarsamninga“ (ásamt Indriða H. Þorlákssyni), birt í *Tíund* 2000, „Upprunareglur og fríðindameðferð“ (ásamt Huldu Kristinsdóttur), birt í leiðbeiningarriti fyrir útflytjendur 1999, og „Skilnaður; nokkrar



hagnýtar upplýsingar um skilnað“, birt í riti gefnu út af *Kvennaráðgjöfinni* 1994. Þá hefur Ingibjörg lagt fram skýrsluna, „Embedding Gender in Sustainability Reporting - a Practitioner's Guide“, þar sem gerð er grein fyrir umfangsmiklu rannsóknaverkefni sem hún vann hér á landi (ásamt Elínu Blöndal) fyrir Alþjóðalánastofnunina á sviði jafnréttismála.

*Ragnheiður* hefur ritað meistararitgerð við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn á árinu 2007, sem ber heitið „Koncernskærpelse“, þar sem bornar eru saman íslenskar og danskar reglur í tengslum við skattlagningu félagasamstæðna. Ritgerðin er námsritgerð og hefur því takmarkað lögfræðilegt gildi. Þá hefur hún lagt fram ritið *Tvísköttunarsamningar og evrópskar skattareglur* (2011), sem hún hefur samið ásamt Stefáni Má Stefánssyni, og er það ritrýnt. Í ritinu er að finna lýsingu á þeim réttarreglum, sem gilda um tvísköttunarsamninga, svo og á evrópskum skattareglum. Alls skiptist ritið í níu kafla. Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir tvísköttunarsamningum. Í öðrum kafla er farið yfir meginatriði um skattlagningarrétt og tvísköttun. Í þriðja kafla ritsins er fjallað um túlkun tvísköttunarsamninga og þeirra þjóðréttarlegu skjala, sem þar skipta máli, einkum Vínarsamningsins frá 1969 um alþjóðlegan samningarétt og samningsfyrirmyndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) að tvísköttunarsamningum. Í fjórða kafla er umfjöllun um efnisatriði tvísköttunarsamninga og gerð grein fyrir helstu reglum samningsfyrirmyndar OECD og túlkun þeirra. Í fimmta kafla er gerð grein fyrir aðferðum til að komast hjá tvísköttun og í sjötta kafla um sérstök ákvæði um bann við mismunun. Í sjöunda og áttunda kafla ritsins er fjallað um áhrif reglna Evrópusambandsins um fjórfrelsið á skipan skattamála í aðildarríkjunum. Loks er í lokakafla ritsins að finna umfjöllun um gagnkvæma aðstoð og innheimtu í alþjóðlegum skattamálum. Í ritinu er gefið skýrt og greinargott yfirlit yfir reglur sem gilda um tvísköttunarsamninga, túlkun þeirra og skýringar, sem og evrópskar skattareglur. Efnið er sett fram með skýrum og greinargóðum hætti og hefur ritið ótvírætt fræðilegt gildi á sviði skattaréttar og Evrópuréttar. Í tengslum við útgáfu ritsins flutti *Ragnheiður* opinberan fyrirlestur á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands. Ennfremur hefur hún lagt fram ritrýnda grein, „Þunn eiginfjármögnun“, sem birtist í *Grábrók*, riti lagadeildar Háskólans á Bifröst 2008. Í greininni er fjallað um þær reglur sem gilda um



svonefnda þunna eiginfjármögnun, þ.e. skattalega meðferð lánveitinga á milli tengdra aðila, bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar. Hér er um skýra umfjöllun að ræða um þær reglur sem gilda á þessu réttarsviði, bæði hér á landi sem og í dönsku og norsku lagaumhverfi. Greinin hefur tvímælalaust fræðilegt gildi á sviði skattaréttar og félagaréttar. Auk þessa hefur Ragnheiður ritað tvær aðrar greinar, „Lokal beskatning“, sem birt var í árbók Norræna skattrannsóknaráðsins (*Yearbook for Nordic Tax Research*) 2005, og „Icelandic tax law – amendments due to economic collapse“ er birtist í tímaritinu *World Commerce Review* 2011.

*Bogi, Sigríður Elsa, Stefán og Þórður* hafa ekki komið að útgáfu fræðirita eða birt fræðigreinar um lögfræðileg málefni.

Þegar litið er til þeirra rita og greina um lögfræði, sem birst hafa eftir *Ingibjörgu* og *Ragnheiði*, bera þær af öðrum umsækjendum á þessu sviði.

#### 5.6. *Reynsla af stjórnun*

*Barbara* var settur skrifstofustjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur í tæp tvö ár, auk þess sem hún stýrði rannsókn efnahagsbrota sem fulltrúi saksóknara um eins og hálfis árs skeið.

*Bogi* hefur um liðlega tveggja áratuga skeið verið staðgengill sýslumannsins í Hafnarfirði, auk þess sem hann hefur verið settur sýslumaður annars staðar. Hann stýrði jafnframt lögfræðilegri innheimtu hjá embættinu í fjögur ár.

*Hrannar Már* fór með stjórn lögreglurannsóknna í umboði lögreglustjóra þegar hann starfaði skamman tíma sem fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur hann verið formaður rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparísjóðanna í tæpa fjóra mánuði. Áður en hann hóf laganám vann hann sem kennslustjóri Margmiðlunarskólans í tvö ár.

*Ingibjörg* var sem deildarstjóri í ráðuneyti staðgengill skrifstofustjóra um tveggja ára skeið. Hún var starfsmannastjóri banka í eitt ár. Síðan gegndi hún starfi deildarforseta lagadeildar Háskólans á Bifröst í u.þ.b. fimm ár. Hún var formaður kærunefndar greiðsluaðlögunarmála 2010–2012 og varaformaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins 2011–2012. Einnig var hún fjögur ár framkvæmdastjóri *Kvenna-ráðgjafarinnar* í hlutastarfi.



*Ragnheiður* var staðgengill skrifstofustjóra tekju- og lagaskrifstofu fjármála- ráðuneytisins í u.þ.b. 12 ár og settur skrifstofustjóri um fjögurra mánaða skeið. Á þessum tíma gegndi hún formennsku í fjölmörgum nefndum sem m.a. komu að samningu lagafrumvarpa og reglugerða. Þá var hún formaður prófnefndar um viðurkennda bókara 1998–2012 og frá 2011 hefur hún verið formaður úrskurðar- nefndar um raforkumál.

*Sigríður Elsa* stýrði lögreglurannsóknnum í umboði sýslumannsins á Akureyri og síðar sýslumannsins í Kópavogi þegar hún starfaði sem fulltrúi þeirra í u.þ.b. níu ár. Þá gegndi hún starfi vararíkissaksóknara í liðlega eitt ár.

*Stefán* var forstöðumaður lögfræði- og starfsmannadeildar Vegagerðarinnar um sjö ára skeið og hefur verið forstöðumaður lögfræðideildar hennar frá 2004.

*Þórður* stýrði lögreglurannsóknnum, í umboði yfirmanna sinna, á meiri háttar fjármunabrotum hjá rannsóknarlögreglu ríkisins um eins árs skeið, rannsóknnum fíkniefnabrotamála hjá embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum í fjögur ár og hjá lögreglunni í Reykjavík í eitt ár. Hann var bæjarstjóri á Sauðárkróki í fjögur ár. Sem bæjarlögmaður í Kópavogi hefur hann síðustu tíu árin verið yfirlögfræðingur bæjarins og skipt eftir atvikum verkum milli þeirra lögfræðinga sem starfa hjá bænum.

Samkvæmt framansögðu hafa allir umsækjendurnir einhverja reynslu af stjórnun. *Sigríður Elsa* hefur öðlast staðgóða reynslu á þessu sviði meðan hún gegndi starfi vararíkissaksóknara. Stjórnunarreynsla *Ingibjargar*, *Ragnheiðar* og *Þórðar* telst þó bæði fjölbreyttari og umfangsmeiri en reynsla annarra umsækjenda.

#### 5.7. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

*Barbara*, *Bogi*, *Ingibjörg*, *Ragnheiður* og *Stefán* hafa öll komið að því að semja drög að lagafrumvörpum, þótt í mismiklum mæli sé, eins og gerð er nánari grein fyrir í 4. kafla. Allir umsækjendurnir hafa sinnt öðrum störfum, sem þar eru talin upp, en ekki verður talið að þau nýtist þeim beint í störfum dómara.

### 5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi

Í 3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölul. 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Í auglýsingu um hin lausu dómaraembætti var óskað eftir því að umsækjendur tilnefndu tvo meðmælendur. Í 5. gr. reglna nr. 620/2010 kemur fram að dómnefnd geti aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem átt hafi samskipti við umsækjanda vegna starfa hans.

Sem fyrr segir leitaði dómnefnd eftir umsögnum þeirra, er umsækjendur höfðu tilnefnt sem meðmælendur, en þeir eru: Eggert Óskarsson, héraðsdómari, og Finnbogi Alexandersson, héraðsdómari, sem gáfu umsögn um Barböru Björnsdóttur, Guðgeir Eyjólfsson, sýslumaður, og Guðmundur Sophusson, sýslumaður, um Boga Hjálmtýsson, Erlingur Sigtryggsson, héraðsdómari, og Lára Sverrisdóttir, héraðsdómslögmaður, um Hrannar Má S. Hafberg, Ágúst Einarsson, prófessor, og Eggert Óskarsson, héraðsdómari, um Ingibjörgu Þorsteinsdóttur, Árni Kolbeinsson, hæstaréttardómari, og Jónas A. Aðalsteinsson, hæstaréttarlögmaður, um Ragnheiði Snorradóttur, Daði Kristjánsson, saksóknari, og Ragnheiður Harðardóttir, héraðsdómari, um Sigríði Elsu Kjartansdóttur, Gunnar Gunnarsson, hæstaréttarlögmaður og aðstoðarvegamálastjóri, og Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri, um Stefán Erlendsson, Karl Axelsson, hæstaréttarlögmaður, og Páll Magnússon, bæjarritari, um Þórð Cl. Þórðarson.

Dómnefndin hefur haft umsagnir þessara meðmælenda, sem allar eru jákvæðar í garð hlutaðeigandi umsækjenda, til hliðsjónar við mat sitt. Af umsögnunum verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður



samkvæmt 3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Einnig kom þar fram að reglusemi umsækjenda væri ekki ábótavant.

#### 5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi. Miðað við þessar forsendur og með vísun til alls þess, sem að framan greinir, telur dómnefnd að allir umsækjendurnir fullnægi þeim lágmarksskilyrðum sem gera verður til héraðsdómara í þessum efnum.

#### 6. Niðurstaða dómnefndar

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þessi sjónarmið hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið niðurstöðu. Þótt almennt verði að telja umsækjanda til tekna fjölbreytta starfsreynslu er meginmarkmiðið með störfum dómnefndar að finna hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna embætti héraðsdómara. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum héraðsdómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmannsstörfum og þeim stjórnsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við, séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki þótt einn þeirra hafi gegnt starfi nokkru lengur en annar.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að umsækjandinn hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Farsæl starfsreynsla og fjölbreytileiki hennar getur gefið mikilsverðar vísbendingar í því efni, en þar koma þó önnur atriði

einnig til álita, ekki síst reynsla af lögfræðilegri greiningu. Dómnefnd hefur gætt þess í mati sínu á hæfni umsækjenda, rétt eins og í fyrri álitum, að fara ekki út í alltof nákvæmt mat vegna þess að afar erfitt er að halda samræmi þegar svo er að verki staðið þar sem matsgrundvöllurinn er bæði fjölþættur og margbrotinn.

Mat dómnefndar er byggt á öllum þeim þáttum sem raktir hafa verið hér að framan í köflum 5.1.–5.9. Jafnframt hefur nefndin haft til hliðsjónar fyrri umsagnir sínar, en hún hefur áður metið hæfni fimm þeirra sem nú sækja um embætti héraðsdómara.

Það er niðurstaða dómnefndar að allir umsækjendur fullnægi þeim kröfum sem gera verður til héraðsdómara. Þegar gera þarf upp á milli hæfni þeirra er nefndinni hins vegar vandi á höndum vegna þess hve margir þeirra eru, að áliti nefndarmanna, mjög vel hæfir til að takast á við þau störf.

Barbara Björnsdóttir hefur verið sjálfstætt starfandi dómari í rúm tvö ár. Að auki hefur hún lokið meistaraþrófi í lögum við erlendan háskóla að loknu embættisþrófi og öðlast reynslu af flutningi mála fyrir héraðsdómi sem og nokkra stjórnarsýslu- og stjórnunarreynslu. Sigríður Elsa Kjartansdóttir hefur verið sjálfstætt starfandi dómari í rúmt eitt ár. Þar að auki býr hún yfir áralangri reynslu af málflutningsstörfum, einkum af því að flytja sem saksóknari, sakamál í héraði og fyrir Hæstarétti, þar af í liðlega eitt ár sem vararíkissaksóknari. Þá hefur hún talsverða reynslu af stjórnarsýslu og stjórnun. Þórður Cl. Þórðarson á að baki langan lögmannsferil, þ. á m. hefur hann flutt fjölda mála í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann hefur jafnframt öðlast yfirgripsmikla stjórnarsýslu- og stjórnunarreynslu.

Þegar litið er til alls þess, sem að framan greinir í köflum 5.1.–5.9., er það niðurstaða dómnefndar að Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Ragnheiður Snorradóttir séu hæfastar umsækjenda til að gegna embætti héraðsdómara. Þær eiga það sameiginlegt að hafa gegnt ábyrgðarmiklum og krefjandi stjórnarsýslustörfum um langt árabíl, þ. á m. fengist við að semja úrskurði í kærumálum á sviði stjórnarsýslunnar. Þær hafa báðar lokið meistaraþrófi við erlenda háskóla að loknu embættisþrófi og sinnt rannsóknum og fræðaskrifum á sviði lögfræði. Ingibjörg var um skeið forseti lagadeildar háskóla og hefur verið sjálfstætt starfandi dómari í tæpt ár. Ragnheiður átti í þrjú ár sæti í yfirskattanefnd, sem er æðsti úrskurðaraðili innan stjórnarsýslunnar á sviði skattamála,



auk þess sem hún hefur öðlast nokkra reynslu af lögmannsstörfum, þ.m.t. málf lutningi fyrir héraðsdómi. Dórnefnd gerir ekki upp á milli hæfni þeirra Ingibjargar og Ragnheiðar til að gegna embætti héraðsdómara.

*Ályktarorð:*

Með vísun til 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla, er það niðurstaða dórnefndar að Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Ragnheiður Snorradóttir séu hæfastar umsækjenda til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur sem auglýst voru laus til umsóknar 18. október 2012 í Lögbirtingablaði.

Reykjavík, 21. janúar 2013.




Eiríkur Tómasson



Allan V. Magnússon

Guðrún Agnarsdóttir



Óskar Sigurðsson



Skarphéðinn Þórisson

